

leyfi föður síns til að dvelja á Kelduhólum eins lengi og þeim frændum um semdi, og að mánuði liðnum, eða á Góunni, hafi hann farið heim aptur, af því hann hafi eigi treyst sjer til að nema gullsmíðið. Í annan stað hafi hann nokkrum árum síðar eða snemma í marzmánuði 1866 farið með leyfi þáverandi húsbónda síns norður á Akureyri til þess að læra þar skósmíði, en með því að eigi hafi heldur orðið neitt úr þessu námi, hafi hann snúið heim aptur að vörmu spori og verið hjá húsbónda sínum á Eskifirði vistarárið út.

Það má nú telja sannað, að Sæbjörn hafi í hvorttveggja skiptið, er hann fór úr Reyðarfjarðarhreppi, sem nú var sagt, haft leyfi húsbónda síns til að vera í burfu eins lengi og hann vildi. En hins vegar hefir hann hvorki borið það sjálfur nje heldur hefir það sannast á annan veg, að hann hafi verið einráðinn í því, er hann lagði af stað í hvert skiptið, að skipta um samastað, og eigi hefir heldur neitt komið fram fyrir því, að hann hafi átt þess kost, sjer í lagi að hann hafi verið búinn að útvega sjer vist eða samastað þar, sem ferðinni var til heitið, nje annarstaðar utan Reyðarfjarðarhrepps. Nú er þess er gætt þar á ofan, að hann sneri heim aptur í sömu vistina, og hann fór úr, í hvorttveggja skiptið, og að hlutadeigandi sóknarprestur hefir vottað, að hann hafi öll árin 1856—1868 verið talinn á nýárinu heimilisfastur á ýmsum bæjum í sókninni og aldrei getið þess við sig, að hann ætlaði að víkja burt úr sókninni, verð jeg að vera yður sammála, herra amtmaður, að því er snertir úrslit þessa máls, og er því hjer með staðfestur hinn áfrýjandi úrskurður yðar, þar sem Sæbjörn Þorsteinsson er talinn sveitlægur í Reyðarfjarðarhreppi, ásamt þeim, er honum ber að ala önn fyrir að lögum.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til að byggja upp prestssetur.* — Með þóknanlegu brjefi stiptsyfirvaldanna, dags. 12. þ. mán., með tók jeg brjef prestsins sira Jakobs Bjarnarsonar á Torfastöðum, þar sem hann biður um 500 króna styrk úr landssjóði, af fje því, sem ætlað er til óvissra útgjalda, til þess að reisa við og byggja upp staðarhúsin á Torfastöðum, og teljið þjer mjög óskilegt, að þetta fengist, með því að eigi sje annað sýnna en, að staðarhúsin gjörfalli að öðrum kosti og að prestssetrið verði óbyggilegt.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að af því að í fjárlögum er eigi ætlað neitt fje til þess að reisa við og byggja upp prestssetur, og með því að kostnaður til þess verður eigi talinn með óvissum gjöldum, er upp á kynni að koma, sje jeg mjer eigi fært að veita það, sem hjer er farið fram á.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannanna um byggingu og ábúð þjóðjarða.* — Eins og sjá má af brjefi ráðgjafans til mín, dags. 22. maí þ. á., og prentuðu í Stjórnartíð. þ. á. B — 82, hefir ráðgjafanum virzt nauðsynlegt að taka til ihugunar og gjöra ráðstafanir til betra fyrirkomulags á ábúð jarða þeirra, er ländssjóðurinn á, og hefir hann því boðið mjer að leita allra skýrslna, sem á þarf að halda í þessu efni, hjá amtmönnunum og umboðsmönnum jarðanna. Alþingi hefir og tekið mál þetta til umræðu á hinu nýlokna þingi og fallizt á þingsályktun út af því, þar sem skorað er á mig að sjá svo fyrir, að umboðsmenn ásamt hreppsnefndum gefi nákvæmar skýrslur um ástand og ábúð hverrar þjóðjarðar í hverjum hreppi. sendi þar með tillögum sínum um leigumála og nauðsynlegar jarðabætur á hverri jörð til sýslunefnda, þar aptur með álitu sínu til amtsráða, og amtsráðin til landshöfðingja, sömuleiðis með álitu sínu.